

fiska, eptir verðlaginu á hörðum fiski, í lóðargjald fyrir tæð hús á ári hverju.

1872.
5. desbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það sækjandanum, að stjórnarráðið eptir kringumstæðunum leyfir, að bæði hin nýju hús og sjálf lóðin með tilheyrandi garðstæði verði eign hans, með þeim skilyrðum, að hann greiði á ári hverju til umboðssjóðsins 32 fiska afgang, sem hvíli á eigninni og verði þinglýst sem veð, og að hann borgi til tæðs sjóðs 28 rd. fyrir gömlu húsin.

116. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sekt fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum.

10. desbr.

Í bréfi, dagsettu 24. septbr. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins fyrirspurn frá bæjarfógetanum í Reykjavík um, hvort sóttvarnarhaldsnefndin þar megi verja sekt nokkurri uppá 15 rd., sem skipstjóri A. B. Lassen frá Kaupmannahöfn hefir goldið til sóttvarnarhaldsstjórnarinnar, samkvæmt úrskurði stiptamtsins 23. febr. þ. á. fyrir afbrot, er hann hafði gjört sig sekan að í Reykjavík gegn tilsk. 8. febr. 1805¹, — en fyrnefndur bæjarfógeti hefir tekið við sektinni —, til þess að borga kostnað þann, sem hefir hlotizt af ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið á þessu ári til sóttvarnarhalds, eða þá að öðrum kosti, í hvern sjóð greiða skuli tæða upphæð, og hafði þér jafnframt stungið uppá, hvort greiða skuli upphæðina í landssjóðinn, eða ávísa hana sóttvarnarhaldsnefndinni til þess, sem sagt var.

Út af þessu verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það bæjarfógeta, að með því

¹) Lovsamling for Island, VI., 691.

1872.

10. desbr.

ákveðið er með konungs úrskurði 6. júní 1851¹, að útgjöld þau, sem þurfi til sóttvarnarhalds, skuli greidd úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts, verður og að álita, að sektir fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum skuli renna í tæða sjóði, og skal því greiða fyrnefnda 15 rd. samkvæmt þessu til jafnaðarsjóðs suðuramtsins.

17. desbr.

116. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um verzlun við Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 14. októbr. þ. á., ásamt með tilheyrandi fylgiskjöllum, höfum vèr í dag skrifað hinum íslenzku kaupmönnum F. Hillebrandt og F. Gudmann á þessa leið:

„Í skjali nokkru, dagsettu 30. októbr. f. á., hafið þér skýrt frá, að skonnortuskiptið Erlen frá Norvegi, sem skipstjórnarmaður Andreassen ræður fyrir, og sem verzlunarfélag nokkurt í Björgvin á eða hefir haft til leigu, — en verzlunarfélag þetta hefir eigi fastan verzlunarstað á Íslandi — hafi í fyrra sumar siglt upp á Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu, og hafi þá á tæðu skipi verið keyptar innlendar og seldar útlendar vörur; hafið þér út af þessu jafnframt farið þess á leit, að hlutaðeiganda lögreglustjóra verði boðið, að sjá um, að verzlunarlögunum verði fram fylgt.

Eptir að vèr höfum látið halda lögreglupróf í málinu, gefum vèr yður til vitundar, að með því það er komið fram við prófið, að hið íslenzka verzlunarfélag við Húnaflóa, sem á verzlunarstað á Borðeyri, hafi haft til leigu tæð skip frá Norvegi, og að verzlunin með farm skipsins hafi fram farið fyrir reikning nefnds félags, án þess það sè sannað, að brotið hafi verið í nokkru gegn hinum íslenzku verzlunarlögum (sbr. opið bréf 19. maí 1854)², hefir

¹) Lovsamling for Ísland, XV., 109, sbr. 148.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 7.